

VERKLAGSREGLUR

stjórnar FHSS

1. gr.

Starfsemi

Tilgangur Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) er að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. Félagið starfar innan vébanda BHM og heldur úti þjónustuskrifstofu (FFSS) í félagi við önnur stéttarfélög.

Starfsmenn þjónustuskrifstofunnar annast þjónustu við félagsmenn enda greiðir FHSS rekstrarkostnað skrifstofunnar ásamt öðrum aðilum að skrifstofunni, í hlutfalli við heildarfjölda félagsmanna hverju sinni eða annars eftir því sem um semst.

2. gr.

Skipan stjórnar

Stjórnar FHSS er kosin á aðalfundi félagsins eins og greinir í 4. gr. laga félagsins. Formaður er kosinn á aðalfundi, en stjórnarmenn velja sjálfir varaformann úr sínum hópi og skipta með sér verkum gjaldkera, vefstjóra og ritara.

Vari forföll stjórnarmanns lengur en tvo mánuði samfellt skal skipa varamann stjórnar í hans stað, nema gildar ástæður séu fyrir forföllunum. Laun vegna stjórnarvinnu skal í slíku tilviki greiddast varamanni. Stjórn er heimilt að kalla til varamann þó forföll vari í skemmri tíma telji hún þörf á slíku.

3. gr.

Verksvið stjórnar

Stjórn FHSS ræður málefnum félagsins í samræmi við lög félagsins. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi þess og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum.

Formaður FHSS situr fyrir hönd félagsins í miðstjórn BHM og í stjórn þjónustuskrifstofunnar. Stjórn tilnefnir a.m.k. 1 varafulltrúa úr sínum röðum til setu í miðstjórn BHM. Stjórn tekur ákvörðun um tilnefningu fulltrúa í nefndir og til annarra starfa á vegum félagsins.

Fundargerðir skulu ávallt færðar af ritara stjórnar eða umboðsmanni hans.

Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.

4. gr.

Fyrirsvar stjórnar

Formaður FHSS er málsvari stéttarfélagsins og kemur fram fyrir hönd þess varðandi málefni þess nema stjórnin ákveði annað.

5. gr.

Boðun funda o.fl.

Stjórnarfundir skulu jafnaðarlega haldnir 1 sinni í mánuði. Auk þess skal halda stjórnarfund ef formaður FHSS, aðrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri þjónustuskrifstofunnar telja slíkt nauðsynlegt. Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.

Til stjórnarfundar skal boða með minnst 2 daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt eða með rafrænum hætti (um tölvupóst).

Stjórnarmaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það til formanns svo tímanlega sem honum er það unnt.

6. gr.

Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

Stjórn getur tekið bindandi ákvarðanir þegar meirihluti stjórnar sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur, sbr 6. gr. laga félagsins. Mikilvæga ákvörðun skal þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Óski stjórnarmaður eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda bjóði brýnir hagsmunir félagsins ekki annað.

Stjórnarmaður er eingöngu bundinn af sannfæringu sinni, en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa kosið hann.

Stjórnarmenn skulu snúa sér til formanns með óskir um að tekin verði á dagskrá stjórnarfunda einstök mál.

7. gr.

Fundargerðir

Ritari stjórnar eða sá sem gegnir störfum ritar í forföllum hans, skal skrá fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðir skulu sendar út eftir stjórnarfundum til allra stjórnarmanna, og þeirra varamanna sem setið hafa viðkomandi fund, ef því er við komið. Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:

- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- b) Hverjir sitja fundinn og hver ritar fundargerð.
- c) Dagskráratriði samkvæmt fundarboðun, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- d) Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur ef til þeirra kemur.
- e) Upphaf og lok fundartíma.
- f) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.

Stjórnarmaður sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.

Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar. Hafi varamaður stjórnar setið stjórnarfund skal ritari vera búinn að fá staðfestingu hans fyrir samþykkt fundargerðar áður en næsti stjórnarfundur er haldinn. Framkvæmdarstjóri þjónustuskrifstofunnar skal fá afrit af fundargerð þegar stjórnarmenn hafa samþykkt hana.

Leitast skal við að birta samþykktar fundargerðir stjórnar sem fyrst á heimasíðu félagsins, en við þá birtingu skal afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar sem eðlilegt er að verði afmáðar.

7. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni FHSS og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar.

Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila.

Pagnarskylda helst þó stjórnarmaður FHSS hætti í stjórn með eðlilegum hætti á aðalfundi eða segi sig úr stjórn á milli aðalfunda.

8. gr.

Hæfi til meðferðar einstakra mála

Stjórnarmönnum FHSS er ekki leyfilegt að taka þátt í meðferð mála sem varða þá persónulega, fjárhagslega eða valdið geta hagsmunaárekstrum. Skylt er stjórnarmanni að gæta að hæfi sínu og upplýsa um slík atvik.

Stjórnarmaður skal tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfni eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun þar um.

Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum félagsmönnum eða öðrum ótilhlíðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað félagsins.

Öll ofangreind atriði skulu einnig gilda um framkvæmdastjóra þjónustuskrifstofunnar.

9. gr.

Breytingar á starfsreglum stjórnar

Einungis stjórn FHSS getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Meðferð starfsreglna

Þeir sem sæti eiga í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum.

Nýjum stjórnarmönnum FHSS og framkvæmdastjóra þjónustuskrifstofunnar skulu kynntar starfsreglurnar.

Verklagsreglur þessar, settar með heimild í 7. mgr. 6. gr. laga félagsins, eru hér með samþykktar til birtingar á heimasíðu félagsins.

Stjórn FHSS 7. nóvember 2013.